

1. Skýrsla innra eftirlits um hverfisráð og þjónustumiðstöðvar borgarinnar lögð fyrir fundinn til kynningar.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

„Hverfisráð Kjalarness lýsir yfir ánægju með að gerð hafi verið úttekt á starfi þjónustumiðstöðva og hverfisráða borgarinnar.

Áhyggjur veldur hversu hátt hlutfall starfsmanna borgarinnar þekkir lítið til starfsemi hverfisráðanna og kemur það heim og saman við reynslu hverfisráðs Kjalarness þar sem fulltrúar þess fréttu af allt of oft af málum sem varða Kjalarnes annars staðar frá í stað þess að þau berist formlega inn á fundi ráðsins. Er vissulega þörf á að kynna hverfisráðin betur fyrir starfsmönnum borgarinnar og efla tengslin þar á milli.

Hverfisráð Kjalarness tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í skýrslunni að auka þurfi möguleika hverfisráðanna til að vera virkari þátttakendur í stefnumótun hverfanna og ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva borgarinnar. Enn fremur þarf að skýra betur hlutverk hverfisráðanna og boðleiðir þeirra við aðrar stofnanir/starfsmenn borgarinnar.

Á vef Reykjavíkurborgar <http://reykjavik.is/hverfisrad> segir um hverfisráð:

„Hverfisráð skulu stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis. Þau eru vettvangur samráðs íbúa, félagsamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda, og eru virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna. Þannig eru hverfisráð ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum. Þá stuðla hverfisráð að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgarstofnana í hverfunum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa, allt eftir eðli máls hverju sinni. Hverfisráð fá til kynningar auglýstar breytingar á skipulagi og umhverfi er snerta hverfið auk kynninga á stærri framkvæmdum og meginbreytingum á þjónustu. Hverfisráð geta gert tillögur til stjórnar eignasjóðs um forgangsröðun framkvæmda í hverfinu.“

Hverfisráð Kjalarness telur ráðið gegna mikilvægu hlutverki í að efla samráð við íbúa Kjalarness og auka íbúalýðræði. Ráðið hefur lagt mikla áherslu á að efla félagsauð hverfisins og komið á formlegu samstarfi félaga og stofnana innan hverfisins undir nafninu Grænt Kjalarnes.“

Kærar kveðjur,

Sigríður Pétursdóttir
gsm: 8226750